


Eftirfylgd

Að endurhæfingu lokinni er árangur metinn með viðkomandi einstaklingi og hann hvattur til að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Eftirfylgd er skipulögð í samræmi við þarfir einstaklinga og þeim bent á að nýta þau úrræði og þjónustu sem í boði eru.

Hringt er til einstaklinga tveim vikum eftir útskrift til að heyra um gang mála.



Unnið af SÁ í febrúar 2013.
Endursk. í maí 2017
HVE/rmbæk68

HVE Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

ENDURHÆFING ALDRADRA Á GÖNGUDEILD



Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Endurhæfing aldraðra á göngudeild

Á vegum HVE á Akranesi er nú boðið upp á endurhæfingu fyrir aldraða á göngudeild.

Um er að ræða sérhæfða endurhæfingu fyrir aldraða sem búa heima og er hún ætluð einstaklingum með miðlungsmikla skerðingu á færni. Markmiðið er að styrkja þá til áframhaldandi búsetu á eigin heimili með því að meta heilsufar þeirra, beita líkamsþjálfun og meta og auka færni og félagslega virkni.

Endurhæfingin fer fram á endurhæfingardeild HVE á Akranesi.

Fjórir einstaklingar taka þátt í endurhæfingunni í senn og mæta þeir **virka daga kl 9 – 12, í 4 vikur.**

Greitt er fyrir þjónustuna sem nemur komugjaldi á heilsugæslu fyrir hvern dag. Innifalið í þessu gjaldi er létt morgunhressing, handavinnuefni og ýmiskonar tilfallandi aðstoð.

Greitt er sérstaklega fyrir rannsóknir.

Fagteymi skipað lækni, hjúkrunarfræðingum frá göngudeild og heilsugæslu / heimahjúkrun, sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfara ber ábyrgð á endurhæfingunni.

Samstarf er við félagsþjónustu Akraneskaupstaðar t.d. varðandi akstur ef þörf krefur.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir akstur.

Ferli endurhæfingar

Mikilvægt er að einstaklingar séu meðvitaðir um hvers eðlis endurhæfingin er og treysti sér til að vera **virkir** í henni. Endurhæfingin er því ekki ætluð þeim sem hafa minnstu getuna.



Beiðni berst til teymis frá fagaðilum svo sem læknum, heimahjúkrun og sjúkra- og iðjuþjálfum.

Einnig geta einstaklingar og aðstandendur fengið nánari upplýsingar hjá hjúkrunarfræðingi göngudeildar í síma 432 1139 og á endurhæfingadeild í síma 432 1160 og 432 1167.

Fjallað er um beiðni á fundum fagteymis og í framhaldi eru einstaklingar kallaðir inn.

Í upphafi endurhæfingar er mikilvægt að heilsufarsupplýsingar sem máli skipta liggja fyrir.

Viðtöl við lækni og hjúkrunarfræðing

Viðtöl við lækni og hjúkrunarfræðing fara fram í upphafi meðferðar. Þar er farið yfir heilsufarsupplýsingar og metið í framhaldi hvaða rannsóknir eru gerðar. Einstaklingur hittir lækni og hjúkrunarfræðing eftir þörfum meðan á meðferð stendur.

Sjúkraþjálfun

Þar er um að ræða æfingameðferð sem samanstendur af styrkjandi og jafnvægisbætandi æfingum svo og gönguæfingum til að auka úthald. Æfingar eru staðlaðar en þó er reynt að laga þær að hverjum og einum. Tekin eru próf í byrjun og lok meðferðar til að kanna framfarir.

Ekki er um að ræða aðra sjúkraþjálfun samhliða.



Iðjuþjálfun

Þar er metin almenn færni til sjálfbjargar og virkni og verkleg geta er metin. Algeng hjálpartæki eru kynnt, metin þörf fyrir slíkt og farið í heimilisathugun ef þörf er á. Félagsleg virkni og félagsleg staða skoðuð. Metin er þörf fyrir aðstoð og kynnt hvaða þjónusta og afþreying stendur til boða og hvernig skuli nálgast hana.